

Tæknileiðbeiningar fyrir Seltjörn

Þegar íbúi flytur inn í íbúðina sína þarf að huga að tæknimálum. Íbúa er frjálst að koma með sitt eigið sjónvarp, útvarp, tölvu, spjaldtölvu eða síma/snjallsíma. Notkun á interneti er gjaldfrjál.

WiFi:

Þráðlaust gestanet er í húsinu sem nýtist fyrir síma og spjaldtölvur. Upplýsingar um lykilorð fást hjá framkvæmdastjóra hjúkrunar. Niðurhal á þungum skjölum, t.d. bíómyndum er óheimilt. Lokað er fyrir Netflix.

Nettenglar eru í vegg á herbergjum. Óska þarf sérstaklega eftir því ef viðkomandi vill nota hann.

Sjónvarp:

Hægt er að tengja sjónvarp inni í hverri íbúð á mismunandi hátt. Túbusjónvörp eru óheimil vegna eldhættu og taka óþarfa pláss.

Til þess að tengja sjónvörp þá eru eftirfarandi möguleikar:

- Myndlykill frá Símanum.
Hann er hægt að tengja með netsnúru eða WiFi.
- Myndlykill frá Vodafone.
Hann er bara hægt að tengja með netsnúru.
- AppleTV.
Tengist við WiFi.
- Android TV.
Tengist við WiFi.
Til eru nokkrar útgáfur af þessum boxum, en tengjast öll eins.
- Tengja við loftnet.
Er hægt á öllum herbergjum en krefst nánari leiðsagnar húsvarðar sé óskað er eftir að nota þessa tengingu.

Ef óskað er eftir því að hengja flatsjónvarp upp á vegg, þá er ekki heimilt að bora í vegginn nema með leyfi framkvæmdastjóra hjúkrunar. Ef það yrði leyft þá þurfa aðstandendur sjálfir að ganga frá því, koma með nauðsynleg tæki og þrifa eftir sig. Það sama gildir við fráfall íbúans eða hann flytur annað. Húsvörður getur ekki aðstoðað við það.

Símar:

Mælt er með því að hver íbúi sé með eigin farsíma því það er einfaldast í notkun.

Óski íbúi eftir því að nota eigin símanúmer þá er hægt að nota IP síma því hefðbundin innstunga fyrir síma er ekki til staðar. IP sími þýðir að innstungan er í gegnum ethernettengi eins og notað er við tölvur, það er ekki símatengi.

Annað:

Starfsmenn Seltjarnar eru ekki sérfræðingar að setja upp ný sjónvörp. Leitið til seljenda sjónvarpsins eða ættingja sem er vel að sér í tæknimálum ef þið lendið í vandræðum með að finna stöðvar. Við erum ekki með tæknimann í húsinu til að leysa slík mál.

Seltjörn ber ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að eiga sér stað á dýrum tækjum og tryggingar Seltjarnar bæta ekki mögulegar skemmdir.